

Svar Dýraþjónustu Reykjavíkur við fyrirspurn Borgarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda skráðra hunda.

Þegar skoðaður er fjöldi skráðra hunda eftir árum verður að hafa það í huga að verið er að skrá og afskrá hunda alla daga ársins. Sé punktstaða skoðuð um það leyti sem reikningar voru sendir út fyrir hundagjöldum er niðurstaðan eftirfarandi:

Ár	2021	2022	2023	2024
Fjöldi	2089	2175	2263	2471

Talan fyrir 2024 er staða hundaskrárinnar 23.10.2023 og því áætlun fyrir næsta ár. Þá ber einnig að geta þess að miklar breytingar hafa verið gerðar á gjöldunum á þessu tímabili. Fyrst voru þau lækkuð verulega og var þá rukkað sérstakt skráningargjald. Gjöldunum var breytt aftur bæði haustið 2022 og aftur um áramótin 2023. Við breytingar um áramótin 2023 var hætt að rukka bæði skráningargjald, sem og hundagjald það ár sem hundur er skráður. Þannig hefur ekki verið greitt af neinum nýskráðum hundum árið 2023 og verður það fyrst gert í febrúar 2024. Skráðum hundum í Reykjavík hefur því fjölgað u.þ.b. 15% frá árinu 2021.

Virðingarfyllt

Þorkell Heiðarsson

Deildarstjóri